

3. MARS  
2023

HARPA  
NORÐURLJÓS



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Árstíðir í mómíndal

FÖSTUDAGSRÖÐ

# Velkomin

---

Vinsamlegast hafið slökkt  
á farsímum meðan á  
tónleikum standur.

---

Tónleikagestir eru beðnir um  
að klappa aðeins í lok tónverks.

---

**Tímalengd verka:**

Sade 5'

Abeyance 4'

Nousu 5'

Vorlagið hans Snúðs (upplestur) 11'

Árstíðir í mómíndal 30'

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube  
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna  
lagalista með allri tónlist starfsársins.

# Árstíðir í múmíndal

TÓNLEIKAR Í FÖSTUDAGSRÖÐ  
Í NORÐURLJÓSUM 3. MARS 2023 KL. 18:00

## Sinfóníuhljómsveit Íslands

### Jóhanna Vigdís Arnardóttir

upplesari

### Lauri Porra

einleikari

### Sigurgeir Agnarsson

einleikari

### Lauri Porra

Sade (Regn) (úr Kofar og felustaðir)

### Lauri Porra

Abeyance (Biðstaða)

### Lauri Porra

Nousu (Við leggjumst til þess að standa upp aftur)  
(úr Kofar og felustaðir)

### Tove Jansson

Vorlagið hans Snúðs (upplestur)

### Lauri Porra

Árstíðir í múmíndal

For information in English about tonight's programme, please visit the Iceland Symphony Orchestra's website: [en.sinfonia.is](https://en.sinfonia.is)

# Sinfóníuhljómsveit Íslands

## 1. fiðla

Emma Steele  
Zbigniew Dubik  
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir  
Lin Wei  
Pétur Björnsson  
Andrzej Kleina

## 2. fiðla

Páll Palomares  
Gróa Margrét Valdimarsdóttir  
Dóra Björgvinsdóttir  
Þórdís Stross  
Ingrid Karlsdóttir

## Víóla

Þórarinn Már Baldursson  
Sarah Buckley  
Kathryn Harrison  
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson

## Selló

Sigurgeir Agnarsson  
Hrafnkell Orri Egilsson  
Sigurður Bjarki Gunnarsson

## Bassi

T.C. Fitzgerald  
Þórir Jóhannsson

## Rafbassi

Lauri Porra

## Flauta

Martial Nardeau

## Óbó

Julia Hantschel

## Klarínett

Rúnar Óskarsson

## Fagott

Clara Manaud

## Horn

Asbjørn Ibsen Bruun  
Emil Friðfinnsson

## Trompet

Einar Jónsson

## Harpa

Elísabet Waage

## Píanó

Antti Kujanpää

## Slagverk

Frank Aarnink

Lára Sóley Jóhannsdóttir  
*framkvæmdastjóri*  
Valdís Þorkelsdóttir  
*viðburða- og skipulagsstjóri*  
Hrafnhildur Árnadóttir  
*verkefnastjóri viðburða*  
Hjördís Ástráðsdóttir  
*fræðslustjóri*  
Dagrún Hálfánardóttir  
*mannauðsstjóri*  
Halla Oddný Magnúsdóttir  
*listrænn ráðgjafi*  
Jökull Torfason  
*verkefnastóri dagskrárgerðar*

Margrét Ragnarsdóttir  
*markaðs- og kynningarstjóri*  
Kristín Björg Björnisdóttir  
*markaðsfulltrúi*  
Svanhvít Hrólfsdóttir  
*fjármálastjóri*  
Kristbjörg Clausen  
*nótnavörður*  
Cameron Anderton  
*umsjónarmaður nótna*  
Sigþór J. Guðmundsson  
*verkefnastjóri sviðs- og tæknimála*  
Björk Björgúlfadóttir  
*sviðs- og tæknimaður*

# Lauri Porra

## TÓNSKÁLD

Rætur finnska tónskáldsins og tónlistarmannsins Lauri Porra (f. 1977) liggja djúpt í bæði klassík og rokki. Porra hefur einmitt verið verðlaunaður fyrir að blanda saman ólíkum tónlistarstefnum, hvort heldur sem er klassík, rokki eða þjóðlagatónlist, og hefur átt í farsælu samstarfi við ólíka tónlistarhópa á alþjóðavettvangi. Porra hefur meðal annars sent frá sér fimm geisladiska sem allir hafa hlotið lof gagnrýnenda, þar á meðal Entropia, sem hann vann í samstarfi við Sinfóníuhljómsveitina í Lahti í Finnlandi og forleggjarinn BIS gat út árið 2018. Samhliða því að semja fyrir hljómsveitir, kvikmyndir og annar konar miðla, leikur Porra á bassa í nafntoguðu, finnsku þungarokkshljómsveitinni Stratovarius en með henni hefur Porra hljóðritað fimm geisladiska og komið fram á tónleikum í yfir 50 löndum.

Verk Porra hafa verið leikin af hljómsveitum á borð við Finnsku útvarpshljómsveitina, Lundúnasinfóníuna, Sinfóníuhljómsveitina í Álaborg og Sinfóníuhljómsveitina í Lahti. Porra er enn fremur listrænn stjórnandi Vantaa Pop-hljómsveitarinnar og Uhelmien Heinola-hátíðarinnar. Þá var hann listrænn stjórnandi Helsinki-hátíðarinnar frá 2015 til 2019. Porra sækir tónlistargenin ekki langt. Fjölskylda hans hefur samið og leikið tónlist í fjórar kynslóðir en langafi hans var enginn annar en Jean Sibelius.

Árið 2023 kemur Porra í fyrsta skipti fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Konserthljómsveit Breska ríkisútvarpsins (BBC) og Sinfóníuhljómsveitinni í Seattle. Þá er nýr geisladiskur með verkum hans væntanlegur á árinu en þar stjórnar eiginkona hans, Dalia Stasevska, Vantaa-hljómsveitinni og Stephen Fry er sögumaður. Loks ferðast Porra til Japans og Mið-Ameríku með hljómsveit sinni, Stratovarius.

## Um tónlistina

Á þessum tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Föstudagsröðinni í Norðurljósum hljóma verk eftir finnska tónskáldið Lauri Porra. Við heyrum fyrst þrjú stutt verk: *Sade*, *Abeyance* og *Nousu*.

*Sade* og *Nousu* eru upphaflega úr svítunni *Kofar og felustaðir* sem hverfist um finnska náttúru og sumarhúsamenningu Finna. Svítan spannar þannig sólarhring í finnsku sumarhúsi en kaflinn *Sade* fjallar um regnið sem fellur þremur stundum eftir miðnætti. Einleiksbassi hefur leikinn en málm- og tréblásarar leika tilbrigði við upphafsstefið. *Nousu* fjallar um sólarupprásina og grundvallast á einleiksellói en selló var einmitt fyrsta hljóðfærið sem Porra lærði á sem æskumaður, það er að segja áður en hann skipti yfir á rafmagnsbassa.

*Abeyance* var upphaflega samið fyrir einleiksbassa og kom þannig fyrst út á geisladisknum *Dust*. Hljómsveit var síðar bætt við þegar verkið varð hluti hljómsveitarsvítu *Yfirflugssinfónían (Flyover Symphony)*. Porra flutti *Abeyance* á verðlaunahátíðinni Norrænum kvikmyndartónlistardögum í Berlín árið 2018 til heiðurs tónskáldinu Jóhanni Jóhannssyni sem féll frá nokkrum dögum áður. Þannig háttaði einmitt til að Jóhann og Porra höfðu verið tilnefndir til verðlauna í sama flokki á hátíðinni nokkrum árum áður og þá hlaut Jóhann verðlaunin; það gladdi Porra mjög.

Að loknum upplestri á *Vorlaginu hans Snúðs* heyrum við svo *Árstíðir í múmíndal*. Verkið er upphaflega svíta skrifuð fyrir strengjatrío, píanó og bassa. Hún var flutt þannig í Hörpu í september 2022. Svítan var útsett fyrir kammersveit árið 2023 og hljómar nú í fyrsta sinn í þeim búningi. Verkið er afrakstur samstarfs Lauri Porra og Moomin CharactersLTD sem hófst árið 2020 þegar Porra var beðinn um að semja nýja tónlist við undraheim Tove Jansson.

*Árstíðum í múmíndal* fylgja myndskreytingar úr múmínbókum Tove Jansson. Það var Carlos da Cruz sem útbjó hreyfimyndir en Johanna Stenbäck klippti myndefnið. Þannig birtast verk Tove Jansson í árstíðunum, það er að segja hlutar úr bókunum *Småtrollen och den stora översvämningen (Litlu álfarnir og flóðið mikla)* og *Vad hände då? (Hvað gerðist svo?)*. Myndefninu er þó ekki ætlað að segja sérstaka sögu, heldur birta frekar ljós lifandi myndir úr undraheimi Tove Jansson.

Sjálfur hefur Porra sagt:

„Ég hef alltaf elskað verk Tove Jansson og, sem Finni, verið undir miklum áhrifum af þeim heimi sem hún skapaði. Þegar ég hóf að semja tónlistina langaði mig að fanga meira þau áhrif sem ég varð fyrir frekar en einstakar sögupersónur eða atburði. Sem barn var ég mjög áhugasamur um einstaka sögupersónur og atburði í múmíndalnum en eftir því sem ég eltist fór ég að hafa meiri áhuga á undraheiminum sjálfum og heimspekinni á bak við hann. Verk Tove Jansson innihalda enda svo mikla visku um hreinskilni, það að tjá tilfinningar sínar og skilja þær og síðast en ekki síst fegurðina í hversdagsleikanum. Mig langaði að skapa hljóðheim þar sem hlutendur gætu staðsett sig og um leið gleymt andstreymi augnabliksins. Þetta er ekki tónlist sem þarfnast einbeitingar, heldur getur í raun verið eitthvað sem hjálpar þér að fljóta yfir í eigin hugarheim.“